

Fréttabréf

með fréttum frá Íslenska söfnuðinum og íslenskum kórum í Noregi



Kristur er upprisinn! Hann er sannarlega upprisinn!!

Framundan er páskahátíðin. Hátíðin þegar við fögnum sigri lífsins og sigri alls þess góða yfir þeim mætti sem eyðir og deyðir.

Hin kristna trú og kirkjan hafa átt undir högg að sækja í aldanna rás. Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan orðið fyrir harðri gagnrýni og sífellt fleiri hafa snúið baki við henni og guðstrúnni. Þessi þróun hvetur okkur til að horfast í augu við raunveruleikann og spyrja okkur ýmissa áleitinna spurninga um stöðu kirkju og kristni í afhelgunar og fjölmenningsarsamfélagi. Er kirkjan á krossgötum? Hvar hefur okkur misfarist og hvað getum við gert betur? Hvert og að hverju stefnum við? Slíkra spurninga ber okkur einnig að spyrja þegar kemur að Íslenska söfnuðinum í Noregi. Einkum nú þegar fyrir liggur að hagræðingar, stefnubreytinga og endurmats er brýn þörf. Hver er framtíðarsýn safnaðarins og hvernig skal efla hann? Hvernig ber að forgangsraða og á hvaða starfsþætti skal leggja áherslu? Þó að staða safnaðarins hafi farið batnandi og tala safnaðarmeðlima hafi aukist að nýju, verðum við enn að gæta aðhalds og gætni í rekstri. Það er auðvelt að láta hugfallast og missa móðinn þegar að okkur kreppir, en þá hljómar í eyrum okkar þessa daganna boðskapur páskanna: Óttist ekki, því Kristur er upprisinn.

Boðskapur páskanna er áskorun til okkar um að koma að krossi Krists og að taka á móti því lífi sem Kristur vill gefa okkur. Lífið sem hann gefur er líf sem lifað er í þjónustu við Guð og náungann, líf sem einkennist af trú, von og kærleika. Ef okkur auðnast að vera hvers annars þjónn í orði og verki þá skapast samtakamáttur sem getur lyft grettistaki í söfnuðinum okkar. Í upprisu Jesú Krists felst uppspretta trúargleðinnar, kraftur kristinnar trúar. Þessi kraftur getur

skilað okkur langt, sú trúarvissa að Guð er með okkur í hverju góðu verki, ekki síst í þágu uppbyggingar kirkju og safnaðar. Í birtu páskadagsins verður allt vonarríkt, því upprisa Jesú staðfestir að Guð ætlar og mun færa allt til betri vegar! Við horfum því vongóð til framtíðar og tökum af heilum hug og hjarta undir fagnaðboðskap páskanna; **Kristur er upprisinn. Kristur er sannarlega upprisinn!**

Gleðilega páska

Aðalfundur Íslenska safnaðarins í Noregi 2018

Að þessu sinni verður fundurinn haldinn þann 6. maí í Nordberg kirkju. Dagskráin hefst með guðspjónustu kl. 14:00 og að henni lokinni er messukaffi og gert er ráð fyrir að sjálfur aðalfundurinn hefjist kl. 15:30.

Engar tillögur hafa borist til stjórnar fyrir fundinn og eru því einungis um að ræða hefðbundin aðalfundarstörf ásamt kosningum. Kjósa þarf 2 fulltrúa í aðalstjórn, 2 í varastjórn og 1 í listanefnd.

Ef þú hefur áhuga á að bjóða þig fram hafðu þá endilega samband við valnefnd safnaðarins. Formaður nefndarinnar er Sturla Jónsson og hægt er að hafa samband við hann í síma 90568173 eða Ingu Erlingsdóttur, starfsmann skrifstofu safnaðarins.

Fermingarfræðsla



Starfsárið hófst með fræðsluhelgi í húsi Íslendingafélagsins við Norefjell. Þar voru saman komin 22 fermingarbörn víðsvegar af landinu. Helgin var nýtt til fræðslustunda, útivistar og leikja. Með í för voru ungmenni sem samtímis voru á leiðtoganámskeiði. Tóku þau að sér að sjá um kvöldvökur og leiki í frístundum og stóðu sig með stakri þryði. Söfnuðurinn vil koma þökkum sínum á framfæri til þeirra og annarra starfsmanna. Það var glaður hópur, saddur og sæll sem hélt heimleiðis á sunnudeginum.

Fermingarmessur safnaðarins verða þann 12. maí í Bergen k. 15:00, 21. maí, annan í hvítasunnu, í Nordberg kirkju í Oslo kl. 14:00 og á Íslandi í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 1. júlí kl. 11:00.

Aðventuhátíðin í Oslo

Fyrsta sunnudag aðventu, þann 3. des. síðastliðinn, var haldin hátíð í tónum og tali í Høvik kirkju. Þar komu fram Dóra Steinunn Ármannsdóttir sópran, Kolbeinn Jón Ketilsson tenór, Gróa Hreinsdóttir píanóleikari, Ískórinn og sönghópurinn Laffý undir stjórn Gísla J. Grétarssonar. Sr. Lija Kr. Þorsteinsdóttir flutti hugvekju og Stefán Snævarr hátíðarræðu.

Eftir athöfnina var gestum boðið upp á smákökur og kaffi í safnaðarheimilinu. Söfnuðurinn þakkar sjálfboðaliðum sem sáu um baksturinn kærlega fyrir.

Skráningarmál

Síðastliðið haust var fyrirtækið Consort fengið til að sjá um að hringja í Íslendinga búsetta í Noregi og safna skráningum í Íslenska söfnuðinn. Það er skemmst frá því að segja að ríflega 80% þeirra sem svöruðu skráðu sig og þykir þetta einstaklega góður árangur.

Hinsvegar eru mjög margir sem ekki svara þegar ókunnugt númer eða „callcenter“ hringir og því er talsverður hópur sem enn hefur ekki náðst í.

Þar sem eitthvað virðist vera að birta til í þeim málum sem varða söfnuði og trúfélög í Noregi hefur verið ákveðið að halda aðeins að sér höndum í frekari úthringingum fram á haustið.

Þess má geta að meðlimir safnaðarins eru nú orðnir rétt rúmlega 3000 en betur má ef duga skal!

Starf 60 ára og eldri

Eldri borgarar hittast einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina á fimmtudögum kl. 12 í Ólafíustofu.

Byrjað er á kyrrðar- og íhugunarstund frá kl. 12.15 til 12.30 og svo er léttur hádegisverður. Að honum loknum hefjast dagskrárliðirnir.

Nýja árinu var fagnað með glæsilegri hangikjötsveislu, 11. janúar. Einkar ánægjulegt var hve margir mættu í Ólafíustofu þann dag. Ásamt föstum kjarna hópsins voru þó nokkrir að koma í fyrsta sinn og sumir að koma aftur eftir hlé. Margt annað hefur verið brallað í vetur, m.a. var farið í leikhús og komið hafa góðir gestir og flutt fræðsluerindi sem fallið hafa í góðan jarðveg.



Arnt Wilsoni flytur erindi um eftirlaunin (myndir Guðni Ölvesson)

Stefnt er að vorferðalagi í maí og verður það nánar auglýst þegar nær dregur á facebooksíðunni okkar og heimasíðu.

Allir 60+ (reyndar frá 55 ára aldri) eru hjartanlega velkomnir á hittinga sem eru mánaðarlega, nánar tiltekið á fimmtudögum, oftast nær þann fyrsta hvers mánaðar. Næstu hittingar eru 12.

apríl, 3. og 24. maí. Við viljum þakka, að öðrum ólöstuðum, Áslaugu Thomsen, Oswald Kratz og Snorra Ásgeirssyni fyrir óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf í þágu hópsins.

Kirkjukaffi

Vegna niðurskurðar hjá söfnuðinum hefur Íslendingafélagið í Oslo dregið sig út úr því að sjá um messukaffið þar. Því hafa aðilar út stjórn safnaðarins séð um kaffið ásamt því að foreldrar fermingarbarna hafa lagt til kökur á borðið. Á landsbyggðinni hafa bæði íslendingafélögin, þar sam þau finnast, og einstaklingar séð um kaffið af myndarbrag.

Kærar þakkir til þeirra sem lagt hafa hönd á plóg.



Barna og æskulýðsstarf



Sunnudagaskóli hefur verið starfræktur í Oslo, Sandefjord og Kristiansand.

Rebekka Ingibjartsdóttir hefur umsjón með sunnudagaskólanum í Oslo og hefur hann verið samhliða guðspjónustum þar.

Margrét Ólöf Magnúsdóttir heldur utan um sunnudagaskóla ásamt fjölskylduguðspjónustum og æskulýðsstarfi í Sandefjord og Kristiansand.

Ungmennu hittast í Ólafíustofu í Oslo annan hvern föstudag. Það eru Rebekka og Sæmundur sem sjá um það starf og dettur þeim margt skemmtilegt í hug.

Okkur til mikillar ánægju hefur æskulýðsstarf í Stavanger hafist að nýju og er það vel.

Við hvetjum ungmenni á aldrinum frá 13 til 18 ára til að taka þátt í þessu uppbyggjandi og skemmtilega starfi.

Fylgist með með á facebooksíðu safnaðarins.

Jólamessur og jólatrésskemmtanir

Jólamessur voru haldnar í Oslo, Drammen, Kristiansand, Bergen, Þrándheimi og Stavanger. Eftir messurnar voru jólaböll í samstarfi við Íslendingafélögin, nema í Oslo, þar sá söfnuðurinn alfarið um það. Á öllum stöðum var gengið í kringum jólatréð og sungin íslensk jólalög. Vildi svo vel til að allstaðar kom íslenskur jólasveinn (stundum 2) með góðgæti í fórum sínum fyrir blessuð litlu börnin. Að auki var veglegt veisluborð fyrir gestina og naut fólk samverunnar.



Myndir frá Bergen og Oslo (Nýja Ísland)

Íslenskir kórar í Noregi

Það er margsannað að það að syngja í kór hefur jákvæð áhrif, bætir bæði andlega og líkamlega líðan fyrir utan að vera góður félagsskapur og góður staður til að hitta aðra Íslendinga og halda við ástkæra, ylhýra málinu.

Ískórinn fagnar stórafmæli



Í ár fagnar Ískórinn hvorki meira né minna en 30 ára afmæli og það stendur mikið til. Gróa Hreinsdóttir tók við sem kórstjóri af Gísla Jóhanni Grétarssyni á nýju ári og við erum afar lánsöm að fá að njóta hennar löngu og góðu reynslu.

Í lok apríl er ferðinni heitið til Bergen þar sem hið svokallaða „Litla kóramót“ verður haldið í annað sinn. Fyrsta slíka mótið var haldið í Osló fyrir tveimur árum. Nafnið

kom af því að annað hvert ár er stórt kóramót allra íslenskra kóra í Norður Evrópu. Þetta er hin

besta skemmtun og sönggleðin og félagsskapurinn því líkur að við í Noregi ákváðum að við yrðum að gera eitthvað saman árin á milli kóramóta. Næsta stóra kóramót er svo vorið 2019 í Gautaborg.

Stóri viðburður afmælisársins er svo Íslandsferð dagana 5. – 9. september. Við ætlum að húa í gamla félagi sem flutt hafa til baka til Íslands eftir lengri eða skemmri dvöl hér í Noregi og halda stóra tónleika í Grafarvogskirkju þann 7. september.

Vortónleikar kórsins verða þann 13. júní og þá munum við bæði fara vítt og breytt í íslenski tónlist en einnig fagna afmælisárinu með því að syngja lög sem eru okkur sérstaklega kær og hafa fylgt kórnum gegnum árin. Tónleikarnir verða auglýstir betur á allra næstu dögum á Facebook síðunni okkar: <https://www.facebook.com/iskorinn/>

Það er ekki of seint að koma og taka þátt í afmælisárinu með okkur. Eins og er vantar okkur sérstaklega karlaraddir, í bæði tenór og bassa en að sjálfsgöðu eru allir velkomnir. Við æfum alla miðvikudaga frá kl. 17:30 til 20:00 í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20.

Kór Kjartans

er lauslega tengdur Íslendingafélaginu Kjartani í Þrándheimi, sem skýrir nafn kórsins. Meðlimir kórsins eru Íslendingar og aðrir sem gaman hafa af að syngja íslenska tónlist og stjórnandi er Hilmar Þórðarson tónskáld. Fjöldi kórmeðlima er 12 í dag en hefur verið á bilinu 10 til 15. Á dagskránni er íslensk kórtónlist með áherslu á þjóðlega tónlist. Kórinn á rætur sínar í litlum hópi fólks sem hittist til að æfa Þorablótssöngva fyrir hið árlega Þorablót Kjartans. Í kringum 2012 var svo byrjað með reglulegar æfingar og kórinn tók að sér að syngja í messum íslenska safnaðarins. Hilmar Þórðarson tók að sér stjórn kórsins um þetta leiti.

Regluleg verkefni kórsins eru að taka þátt í messum íslenska safnaðarins og syngja á Þorablóti og svo höfum við tekið þátt í kóramóti Íslenskra kóra í norður-Evrópu árin 2015 og 2017. Af öðrum verkefnum má nefna frumflutning á hluta úr verki Hilmars Þórðarsonar, «Hljóðs bið ek» í Rokkheim 2015 og tónleika í samvinnu við aðra kóra.

Formaður kórsins er Magnús Halldórsson <magnus.halldorsson@gmail.com> JBS



Sönghópurinn í Bergen

Í hópnum eru um 12 virkir félagar og stjórnandinn er Tanja Johansen. Nú er hópurinn önnur kafinn við að skipuleggja Litla kóramótið, þar sem íslenskir kórar í Noregi hittast, þann 21. apríl næstkomandi. Seinnipart dagsins, kl. 17:00 verða tónleikar í Johanneskirken og eru allir hjartanlega velkomnir. Formaður kórsins er Helga Jónsdóttir.

Ólafusjóðurinn

Hjálparsjóður fyrir nauðstadda Íslendinga í Noregi.

Sjóðnum er ætlað að mæta tímabundnum erfiðleikum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsfall eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur.

Hægt er að leggja frjáls framlög inn á reikning Ólafusjóðsins: 1503.13.65640. Framlög eru frádráttarbær frá skatti.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu safnaðarins

<http://www.kirkjan.no/um-sofnudinn-17/olafiusjodur-116/>

Guðspjónustur Íslenska safnaðarins í Noregi vorönn 2018

í Oslo

- 4. febrúar Messa í Nordberg kirkju kl. 14:00. Sunnudagaskóli. Ískórinn syngur.
- 4. mars Fjölskyldu-/léttmessa í tilefni æskulýðsdagins í Nordberg kirkju kl. 14:00
Gróa Hreinsdóttir, Ómar Diðriksson og Ágúst Jóhansson sjá um undirleik og Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli og æskulýðsstarfið tekur þátt í messunni.
- 29. mars Skírdagur. Helgistund í Ólafustofu kl. 14:00 **ath. fellur niður v/veikinda**
- 2. apríl Annar páskadagur. Hátíðarguðspjónusta í Nordbergkirkju kl. 14:00.
Sunnudagaskóli og páskaeggjaleit. Ískórinn syngur.
- 6. maí Messa og aðalfundur safnaðarins í Nordbergkirkju kl.14:00. Sunnudagaskóli.
Ískórinn syngur.
- 21. maí Annar í hvítasunnu. Fermingarmessa kl. 14:00. Ískórinn syngur.
- 17. júní Hátíðarmessa í Nordberg kirkju kl. 14:00. Ískórinn syngur.

Að loknum guðspjónustum er boðið upp á kaffiveitingar í safnaðarheimili

á landsbyggðinni

- 13. janúar Fjölskylduguðspjónusta í Sandar menighetshus, Sandefjord kl. 14:00.
- 14. janúar Fjölskylduguðspjónusta í Hellmyr kirkju, Kristiansand kl. 14:00.
- 17. febrúar Fjölskylduguðspjónusta í Sandar menighetshus, Sandefjord kl. 14:00.
- 18. febrúar Fjölskylduguðspjónusta í Hellmyr kirkju, Kristiansand kl. 14:00.
- 17. mars Fjölskylduguðspjónusta í Sandar menighetshus, Sandefjord kl. 14:00.
- 18. mars Messa í Sunde kirkju, Stavanger kl. 14:00, sameiginleg með norsku kirkjunni.
Íslensk prédikun. Hjörleifur Valsson og Ómar Diðriksson sjá um tónlistarflutning.
- 7. apríl Fjölskylduguðspjónusta í Sandar menighetshus, Sandefjord kl. 14:00.
- 8. apríl Fjölskylduguðspjónusta í Hellmyr kirkju, Kristiansand kl. 14:00.
- 8. apríl Fjölskylduguðspjónusta í Bergen kl.14:00.
- 12. maí Fjölskylduguðspjónusta í Sandar menighetshus, Sandefjord kl. 14:00.
- 12. maí Fermngarmessa í Bergen kl. 15:00.
- 13. maí Fjölskylduguðspjónusta í Hellmyr kirkju, Kristiansand kl. 14:00.
- 2. júní Fjölskylduguðspjónusta í Sandar menighetshus, Sandefjord kl. 14:00.
- 3. júní Fjölskylduguðspjónusta í Hellmyr kirkju, Kristiansand kl. 14:00.
- 3. júní Sjómannadagsmessa í Tromsø kl. 14:00

16. júní Messa í Bakke kirkju, Brándheimi kl. 14:00

Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.

(Jóh. 3.16)

Við minnum á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no
og faceboksíðu <https://www.facebook.com/islenskisofnudurinn/>

Gangið á guðs vegum!

